



Fundargerð

182. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 28. jan 2014 kl. 12:00

Mættir eru: Sigvaldi Ragnarsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Skúli Björnsson varaformaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

- a) Fundarboð aðalfundar Samorku 20. febrúar n.k. – samþykkt að Guðmundur Davíðsson sækir fundinn og fari með atkvæði HEF ehf.
- b) Fundargerð 5. fundar fagráðs hitaveitusviðs Samorku – lögð fram til kynningar
- c) Minnisblað og tölvupóstur vegna nauðsynlegra lagfæringa á reiðvegi frá Randabergi að Fossgarði. Framkvæmdarstjóri mun fylgja málinu eftir.
- d) Fundargerð samráðsfundar dags. 26.01.2015 með Vegagerðinni, varðandi lagnaleið á Egilsstaðanesi, framkvæmd og önnur mál.

Farið yfir fundargerðina og þær niðurstöður sem þar eru bókaðar.

A) Lagnaleið á Egilsstaðanesi – framkvæmdastjóri fór yfir viðræður við Vegagerðina, kynnti fyrirhugaða lagnaleið og fyrirkomulag framkvæmdarinnar. Þá var farið yfir drög að samkomulagi sem hann óskaði eftir að fá að leggja fram í samningum við landeigendur en stjórn telur rétt að afla frekari upplýsingar hjá RML varðandi einingaverð til útreikninga.



Samþykkt samhljóða að framkvæmdastjóri leiti samkomulags að þessum forsendum gefnum.

B) Að öðru leiti verður unnið að úrlausn í samræmi við bókanir í hverjum lið fundargerðarinnar.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Fundadagatal stjórnar HEF 2014 lagt fram, ákveðið að afgreiða það á næsta fundi.
- Framkvæmdastjóri sagði frá nýjum trjáurlara sem skógræktendur á Austurlandi hafa keypt og var til sýnis í gær.
- Framkvæmdastjóri kynnti stöðu varðandi gerð ársreiknings 2014.
- Sagt frá leit að bilun í ljósleiðara út í Þrándarstaði.
- Sagt frá fyrirspurn um möglega afnot af ljósleiðurum í eigu HEF.
- Rætt um fyrirkomulag varðandi útboð og verksamninga vegna stofnlagna yfir Egilsstaðanes. Stjórn er sammála um að farið verði í verkið í samræmi við umræðuna á fundinum en gæta þess að það stangist ekki á við innkaupastefnu sveitarfélagsins.

3. Önnur mál

- Ákveðið að halda aðalfund fimmtudaginn 5. mars kl 17:00.
- Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 11. febrúar n.k. kl 12:00.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:45

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson